

Upphaf kennaramenntunar á Íslandi

Upphaf kennaramenntunar á Íslandi

Arnar Geir Helgason
28.02.78-5809

Útdráttur

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir þróun kennaramenntunar á tímabilinu 1896-1920 og hver var helsti munur á kennaramenntun eins og hún var starfrækt í Flensborgarskóla (1896-1908) og síðan í Kennaraskóla Íslands (1908-1920). Starfsemi og sögu Flensborgarskóla og Kennaraskóla Íslands á tímabilinu er að nokkru lýst í ljósi laga og reglugerða og þannig reynt að greina helstu breytingar sem urðu á menntun kennara á umræddu tímasteiði. Sérstaklega athugað hvernig kynjahlutfalli var háttáð meðal útskrifaðra kennaranema og að hvaða marki þeir skiluðu sér í kennslu.

Kennaraskólamálið þvældist fyrir Alþingi í 20 ár frá árinu 1887 til 1907 þegar þingmenn samþykktu loksins frumvarp um Kennaraskóla í Reykjavík.

Við samanburð á Flensborgarskóla og Kennaraskóla Íslands má fullyrða að menntun í Kennaraskóla Íslands hafi verið heildstæðara og haldbetri fyrir verðandi kennara en það nám sem kennaradeildin í Flensborg hafði veitt.

Frá árinu 1897 til 1920 útskrifuðust 300 nemendur með kennarapróf, þar af voru karlar í nokkrum meirihluta eða 61,3% . Konum útskrifuðum frá Kennaraskóla Íslands fjölgaði lítillega miðað við hlut þeirra í Flensborg frá 1897-1908. En af þeim 300 nemendum sem útskrifuðust frá 1897-1920 gerðust 180 eða 60% kennarar við barnaskóla landsins, þar af voru karlar í nokkrum meirihluta eða 67,8% (Flensborg 56,9%, Kennaraskóla Íslands 71,4%) en konur 32,2% (Flensborg 38,5%, Kennaraskóli Íslands 55,8%). Þannig nýttu sér með tímanum mun fleiri af útskrifuðum kennaranemum þá starfsmenntun sem þeir höfðu aflað sér.

Formáli

Fjótlega eftir að ég byrjaði í kennaranámi langaði mig að vita meira um upphaf kennaramenntunar á Íslandi. Ýmislegt athyglisvert sem kom í ljós í ritgerðarvinnslunni og margar spurningar vöknudu um kennaramenntun, Alþingi á þeim tíma sem umræðan stóð sem hæst um stofnun kennaraskóla og margt annað þessu efni tengt. Ritgerðin er unnin undir leiðsögn Lofts Guttormssonar og vil ég þakka honum fyrir leiðsögn, upplýsingar um efnið og fyrir að benda á góðar heimildir.

Efnisyfirlit	bls
Úrdráttur	2
Formáli	3
1.0. Inngangur	5
2.0. Barnaskólahald hefst á Íslandi	
2.1. Áhrifheittrúarstefnunnar	6
2.2 Barnaskólar í þéttbýli	8
3.0. Kennaramenntun í Flensborg	
3.1. Frumvörp um kennaraskóla	9
3.2. Kennara námskeið	12
3.3. Ársnám fyrir kennaraefni	13
4.0. Stofnun Kennaraskóla Íslands	
4.1. Ástand fræðslumála um aldarmótin 1900	15
4.2. Frumvarpið 1903	17
4.3. Lög um kennaraskóla samþykkt	18
4.4. Inntökuskilyrði og námsskipan	20
5.0. Kynjahlutfall meðal útskrifaðra kennaranema	
5.1. Hlutfall karla og kvenna í kennaradeild Flensborgar og Kennaraskóla Íslands	23
5.2. Kennaraefni gerast kennarar	25
6.0. Niðurstöður	27
7.0. Heimildaskrá	29
8.0. Fylgiskjal	30

1.0. Inngangur

Íslendingar hafa eigið stjórnkerfi, byggt á aldargömlum grunni, sem er þó sífellt í mótun. Menntamálaráðuneytið er sú deild innan íslenska stjórnkerfinu sem á að hafa heildarsýn yfir menntun þegnanna. Ein af þeim stofnunum innan íslenska menntakerfis sem sinnir því hlutverki að sjá þjóðinni fyrir kennurum er Kennaraháskóli Íslands. Með yfirstjórn Kennaraháskóla Íslands fer Menntamálaráðuneytið.

Kennaraháskóli Íslands á sér langa sögu. Fyrirrennari hans er Kennaraskóli Íslands sem stofnaður var með lögum 1907 og starfaði óslitið til 1971 þegar Kennaraháskóli Íslands var stofnaður. Undanfari Kennaraskóla Íslands má telja kennaradeild við Flensborgarskóla í Hafnarfirði sem sett var á stofn 1896.

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir þróun kennaramenntunar á tímabilinu 1896-1920 og hver var helsti munur á kennaramenntun eins og hún var starfrækt í Flensborgarskóla og síðan í Kennaraskóla Íslands. Starfsemi og sögu Flensborgarskóla og Kennaraskóla Íslands er að nokkru lýst og þannig reynt að greina helstu breytingar sem orðið hafa á menntun kennara á umræddu tímasteiði. Lög og reglugerðir voru athuguð með það í huga að varpa nokkru ljósi á þá þróun sem kennaramenntunin hefur tekið á þessum tíma. Sérstaklega verður athugað hvernig kynjahlutfalli var háttáð meðal útskrifaðra kennaranema og að hvaða marki þeir skiluðu sér í kennslu frá í Flensborgarskóla frá 1896 til 1908 og Kennaraskóla Íslands frá 1909-1920. Eðlilega urðu breytingar á starfsháttum kennaramenntunar í gegnum árin, því kröfur um menntun barna og unglunga jukust og þess vegna varð að breyta menntun kennara í samræmi við þá þróun.

Helstu heimildir eru lög og reglugerðir og þrjú yfirlitsrit eftir Guðmund Finnbogason, Freysteinn Gunnarsson og Lýð Björnsson.

2.0. Barnaskólahald hefst á Íslandi

2.1. Áhrif heittrúarstefnunnar

Ný stefna í trúmálum, heittrúarstefnan, sótti í sig veðrið á 17. öld og árið 1675 gaf Þjóðverjinn P. J. Spener út eins konar stefnuskrá heittrúarstefnunnar þar sem m.a. var lögð áhersla á mikilvægi fræðslustarfs og eflingu barnafræðslu. Áhrifa heittrúarstefnunnar tók að gæta í Danmörku á fyrsta tug 18. aldar og skólar voru stofnaðir fyrir alþýðumenn (Lýður Björnsson. 1981:8-9).

Telja má líklegt að umbætur í fræðslumálum í Danmörku og umræður um þau hafi vakið íslenska náms- og menntamenn í Kaupmannahöfn og fyrirmenn á Íslandi til umhugsunar um menntunarástandið á Íslandi. Í ágúst 1737 lýsti Jón Árnason Skálholtsbiskup því yfir í bréfi til Jóns Þorkelssonar rektors, að hann hafi áhuga á stofnun barnaskóla á Íslandi. Það var síðan árið 1745 að barnaskóli tók til starfa í Vestmannaeyjum. Kennslugreinar voru tvær, kristinfræði og lestur. Skólinn í Vestmanneyjum starfaði fram yfir 1760 (Lýður Björnsson. 1981:10).

Jón Þorkelsson, rektor í Skálholti, hafði veruleg áhrif á þróun menntamála á Íslandi á 18. öld. Jón fór til Kaupmannahafnar 1737 og kynnti ráðamönnum fræðslu- og skólamál á Íslandi, en á því sviði taldi hann margt vera í ólestri. Árangur þessarar viðleitni varð sú, að hann var sendur í rannsóknarferð til landsins ásamt Ludvig Harboe biskupi. Sú ferð varð árangursrík og hafði margháttadar breytingar og umbætur í för með sér. Meðal annars gaf stjórnin út tilskipun um skólana á Íslandi hinn 3. maí 1743.

Þar er kveðið á um að rektorar á Íslandi skuli undanþegnir þeirri skyldu að hafa lokið magistersprófi, en kennarar skulu hafa þá náðargáfu að geta kennt. Þeir skulu og kenna og leiðbeina nemendum til sómasamlegrar hegðunar og hafa til að bera færni í forntungum og dönsku og vera svo vel að sér í íslensku, að þeir geti kennt nemendum sínum að rita móðurmál sitt án þess að sletta orðum úr erlendum málum (Lýður Björnsson. 1981:10-11).

Í tilskipuninni frá 1743 kom líklega fram í fyrsta skipti héraendis opinberlega fram sú skoðun, að sérstaka hæfileika þurfi til kennslustarfa.

Þar er kennurum ætlað að móta framkomu nemenda, en slíkt þykir enn vel við hæfi. Að minnsta kosti er til þess ætlast að kennarar hafi ekkert það fyrir nemendum sem óviðeigandi er talið (Lýður Björnsson. 1981:11).

Jón Thorchillius var vel efnaður og einhleypur. Hann ánafnaði fátækum börnum í Kjalarnesþingi eigur sínar og skyldi eignum varið til skólahalds. Stofnaður var sjóður af fé þessu. Hlaut hann nafnið Thorchillisjóður eða Thorchillilegat. Skólastofnunin dróst þó en árið 1791 var hluta af gjöf Jóns rektors varið til að stofna skóla að Hausastöðum á Álftanesi. Skólinn var lagður niður árið 1812 en sjóðurinn starfaði áfram og kom að miklum notum til styrktar skólahaldi í umdæminu á síðari hluta 19. aldar (Lýður Björnsson. 1981:14-15).

Stofnun Hausastaðaskóla mun hafa vakið nokkra athygli.

Því til stuðnings skal bent á, að hinn 30. nóvember 1802 sótti Halldór Bjarnason frá Skildinganesi um styrk til rentukammersins til náms við kennaraskólann í Blågárd og tekur fram að stofnun skólans og starfsemin þar hafi vakið áhuga sinn á þessu starfi. Í umsókninni lætur Halldór þess getið, að venjulegt háskólanám yrði sér ofviða vegna kostnaðar og samsvaraði auk þess ekki fyrrgreindu markmiði. Hann beri þá von í brjósti að verða landi sínu til nytja og kenna þar, t.d. við Hausastaðarskóla (Lýður Björnsson. 1981:15).

Halldór fékk umbeðinn styrk til þriggja ára. Árið 1806 réðst hann sem kennari og söngstjóri til Fredriksværn í Noregi og bjó þar til dauðadags. Hann var fyrsti kennaramenntaði Íslendingurinn, sem um er vitað. Pétur Guðjohnsen (1812–1877) er aftur á móti fyrsti kennaramenntaði maðurinn sem starfaði hér á landi svo vitað sé. Pétur lauk prófi frá kennaraskólanum í Johnstup árið 1840 og kenndi við barnaskólann í Reykjavík 1840 – 1848 sem hafði starfað frá 1830 (Lýður Björnsson. 1981:15).

2.2. Barnaskólar í þéttbýli

Á síðustu áratugum 19. aldar voru skólamál og alþýðufræðsla mjög til umræða bæði á Alþingi sem og utan þings. Árið 1879 flutti Sighvatur Árnason frumvarp um „uppfræðingu barna í skrift og reikningi” og varð það frumvarp að lögum árið eftir. Áður gildi konungsbréf frá 1790 um uppfræðingu barna í kristnum fræðum og lestri, þar sem prestum var, að viðlögðum sektum, bannað að ferma nokkurt barn án leyfis biskups nema það væri nægilega læst á bók. Með lögunum frá 1880 var heimilunum gert þyngra fyrir að fullnægja fræðsluskyldunni en áður var (Freysteinn Gunnarsson. 1958:11-12).

Á síðari hluta 19. aldar voru stofnaðir barnaskólar allvíða í þéttbýli en þar voru aðstandendur barna taldir hafa versta aðstöðu til að sinna uppfræðslu þeirra. Sem dæmi um þessa skóla skulu nefndir barnaskólarnir á Eyrabakka (1852), Stokkseyri (1853), Reykjavík (1830 – 1849 og 1862), Akureyri (1870), Gerðum (1872), Hafnarfirði (Flenborg 1875), Ísafirði (1875) og Akranesi (1876).

Þörfin fyrir kennara jókst í réttu hlutfalli við aukið skólahlald. Ýmsir höfundar bentu á þessa þörf í blaðagreinum og á Alþingi voru flutt frumvörp til laga um kennaramenntun.

3.0. Kennaramenntun í Flensburg

3.1. Frumvarp um kennaraskóla

Árið 1887 báru feðgarnir Jón Þórarinnsson og Þórarinn Bøðvarsson, fram frumvarp til laga um menntun alþýðu á Íslandi. En það var mikið frumvarp í fimmtán köflum og í tíunda kafla frumvarpsins um stofnun kennaraskóla. Stofnaðir skyldu kennaraskólar að Möðruvöllum í Hörgárdal og Flensburg í Hafnarfirði og áttu þeir að vera opnir konum jafnt sem körlum. Þingið kaus nefnd til að fjalla um frumvarpið en nefndin klofnaði í málinu. Meirihluti hennar lýsti fylgi við aukna alþýðumenntun en taldi setningu ófrávíkjanlegra regla um hana ekki verða menntuninni til framdráttar. Um frumvarpið urðu miklar umræður, en frumvarpið var fellt frá í 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 10. Þetta mun vera fyrsta tilraun til lagasetningar um stofnun kennaraskóla á Íslandi og upphaf margra ára baráttu fyrir því máli (Lýður Björnsson. 1981:25-26).

Talsmenn bættrar kennaramenntunar lögðu þó ekki árar í bát. Hinn 23. febrúar 1889 var Hið íslenska kennarafélag stofnað. Á fyrsta aðalfundi þess flutti Þorvaldur Thoroddsen tillögu um „að skora á Alþingi að sjá svo um að alþýðuskólakennurum verði greiddur vegur til að mennta sig sem kennara, áður en þeir takast barnakennslu á hendur“ (Lýður Björnsson. 1981:26).

Árið 1890 ferðaðist fyrsti flutningsmaður frumvarpsins um menntun alþýðu, Jón Þórarinnsson til Danmerkur til að kynna sér skólalæsi, enda hafði hann þá í hyggju að efna til námskeiða fyrir kennara við Flensborgarskóla. Ekki tókst honum að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd og mun fjárskortur hafa verið orsök. Kennarafélagið studdi við Jón og samþykkti á aðalfundi hinn 30. júní 1891 að beina því til Alþingis, að það efni til kennslu handa kennararefnum. Sama ár flutti Jón þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að láta á næsta fjárlagatímabili hefja kennslu í verklegum æfingum við Flensborgarskóla og fela landshöfðingja að semja reglugerð um þetta atriði. Tillagan var samþykkt. Námskeiðið hófst vorið 1892. Fjárlög voru samin til tveggja ára á þessu tímabili, enda kom reglulegt Alþingi aðeins saman annað hvort ár (Lýður Björnsson. 1981:26-27).

Árið 1895 kaus Alþingi fimm manna nefnd, sem skyldi „athuga hin lægri menntamál, sveitakennslu og barnaskóla svo og undirbúningsmenntun barnakennara”. Nefndin samdi frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg. Fyrsta grein frumvarpsins hljóðaði þannig:

Í Flensborg við Hafnarfjörð skal stofna kennaraskóla þar sem barnakennaraefnum, konum og körlum, gefist kostur á kennslu í uppeldisfræði og öðrum þeim fræðigreinum sem nauðsynlegar eru til þess að barnakennarar verði hæfir í stöðu sína, svo skal þeim og veitt verkleg æfing í barnakennslu.

En eftir miklar umræður um frumvarpið á Alþingi náði það ekki fram að ganga. Þó voru ræðumenn yfirleitt sammála um að Flensborg væri hinn heppilegasti staður fyrir kennaraskóla enda væri þar bæði tiltækt húsnæði og kennslutæki og aðstaða til æfingakennslu, í barna- og gagnfræðiskólanum. Sumir þingmenn töldu kennaraskortinn á hinn bóginn ekki vera tilfinnanlegan (þótt ástæða væri til að efla kennaramenntunina í landinu). Bentu þeir á máli sínu til stuðnings að ágætlega hæfir kennarar kæmu frá gagnfræðiskólanum í Flensborg og á Möðruvöllum og ekki reyndust stúlkurnar í kvennaskólanum eftirbátar þeirra (Guðmundur Finnbogason. 1947:37; Lýður Björnsson. 1981:27-29).

Hjónin Þórarinn Böðvarsson og Þórunn Jónsdóttir höfðu með bréfi, dagsettu 18. ágúst 1877, gefið jörðina Hvaleyri við Hafnarfjörð ásamt Flensborgareigninni í Hafnarfirði til skólahalds og skyldi skólinn falinn forsjá stiftsyfirvalda. Gjöf þessi var gefin í minningu Böðvars, sonar þeirra hjóna. Stiftsyfirvöld gáfu út reglugerð fyrir skólann 18. febrúar 1878 og skyldi hann vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall. Skólahald hófst haustið 1878. Sú breyting var gerð á gjafabréfi þeirra hjóna í júnímánuði 1882 að þau stofnuðu til alþýðu- og gagnfræðaskóla í Flensborg jafnhliða barnafræðslu. Ýmsir þingmenn létu í ljósi við umræðurnar 1895 efa um, að stofnun kennaraskóla í Flensborg samrýmdist gjafabréfi þeirra hjóna, en aðrir andmæltu þeirri skoðun (Lýður Björnsson. 1981:27-29).

Jens Pálsson flutti frumvarp um stofnun kennaraskóla í Flensborg á Alþingi 1897. Frumvarp þetta er í meginatriðum áþekkt frumvarpinu frá 1895 en þó gert ráð fyrir að tveir kennarar starfi við skólann auk forstöðumanns.

Þá eru kennslugreinar taldar upp, en þær skyldu vera uppeldisfræði, guðfræði, íslenska, danska, enska, landafræði, tölvísi, dráttlist, skólaiðnaður, leikfimi og kennsluæfingar. Miklar deilur urðu um framvarpið, einkum um staðarval enda töldu ýmsir að skólinn ætti að starfa í Reykjavík.

Fimm manna nefnd var kosin til að fjalla um framvarpið í efri deild. Fjórir nefndarmanna lögðu til, að frumvarpið yrði felld, enda mundi samþykkt þess hafa aukin útgjöld fyrir landssjóð í för með sér og gert væri ráð fyrir því í fjárlögum, að kennsla skuli fara fram í Flensborg fyrir kennara. Einn nefndarmanna, Hallgrímur Sveinsson biskup, lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt, enda mætti ekki dragast lengur að koma kennaramenntuninni í viðunandi horf. Biskup taldi menntastofnun fyrir kennara hafa mikla þýðingu fyrir menntun og uppeldi uppvaxandi kynslóðar og benti á að til kennslustarfa þyrfti sérstaka tilsögn, þekkingu og æfingu (Lýður Björnsson. 1981:30).

Þeir Jens Pálsson og Þórður Thoroddsen endurfluttu frumvarpið frá 1897 óbreytt á Alþingi 1899. Í umræðunni hélt dr. Valtýr Guðmundsson fram að kostnaður við stofnun kennaraskóla yrði ekki of mikill en á hinn bóginn væri aðsókn að kennaradeildinni lítil og benti það til þess að ráðlegast væri að bíða með stofnun kennaraskóla. Fleiri þingmenn voru þeirrar skoðunar, enda fór svo að frumvarpið var felld (Guðmundur Finnbogason. 1947:37-38. Lýður Björnsson. 1981:29-31).

3.2. Kennaranámskeið

Sumarið 1890 fór Jón Þórarinnsson, skólastjóri Flensborgar, til Danmerkur og kynnti sér skólamál enda hafði hann þá í hyggju að efna til námskeiða fyrir kennara við Flensborgarskóla. Næsta vetur flutti Jóhannes Sigfússon cand.theol. einn fyrirlesur í viku um uppeldi og kennslu. en fyrirlestrarnir voru fluttir utan hins daglega skólatíma í Flensborg og voru vel sóttir. Jóhannes var á þessum árum kennari við Flensborgarskóla (Lýður Björnsson. 1981:33).

Þrýstingur frá forsvarsmönnum Flensborg bar loks þann árangur að landshöfðingi gaf hinn 1. febrúar 1892 úr reglugerð um kennarafræðslu. Í reglugerðinni var kveðið á um að kennslunni skuli veitt í formi námskeiðs á tímabilinu 1. apríl til 14. maí ár hvert en þar að auki skuli þeim nemendum í eldri deild skólans, sem þess óskuðu, veitt tilsögn í uppeldisfræði frá 1. október til 31. mars.

Nemendur skyldu hafa tekið burtfararpróf frá búnaðarskóla, gagnfræðaskóla eða kvennaskóla eða lokið jafngildu námi. Heimilt var að taka nemendur í þessa kennslu, sem ekki uppfylltu þetta skilyrði ef þeir gengu undir inntökupróf og stóðust það eða höfðu lagt stund á kennslu í barnaskóla eða farskóla. Nemendur skyldu vera fullra 18 ára og hafa óspillt mannorð, þó var stiftsyfirvöldum heimilt að veita yngra fólki en 18 ára skólavist. Námsgreinar skyldu vera uppeldisfræði, uppeldisiðnaður, teikning og kennsluæfingar í kristinfræði, náttúrufræði, landafræði, reikningi, íslensku (lestri, stafsetningu o.fl) og skrift. Náminu skyldi ljúka með prófi og þar gefnir tveir vitnisburðir, annar fyrir bóklega þekkingu í uppeldisfræði og hinn fyrir verklega kennslu. Einkunnir skyldu vera gefnar með tölum á bilinu 1-6. Til að standast prófið þurftu nemendur að ná a.m.k. meðaleinkunninni fjórum í hvorum hluta prófsins, og áttu þeir sem því marki náðu, rétt á burtfararprófsskírteini (Lýður Björnsson. 1981:33-34).

Kennarafræðsla í þessu námskeiðsformi hófst árið 1892 með almennri kennarafræðslu og hélst fram á árið 1895. Hún féll niður skólaárið 1895–1896 vegna

ónógrar þátttöku. Þátttakendur höfðu reyndar verið fáir frá upphafi, t.d. aðeins fimm fyrsta árið. Skólinn fékk 500 kr. styrk úr landssjóði til kennaramenntunar á árunum 1892 – 1893, 1600 kr. 1894 – 1895.

3.3. Ársnám fyrir kennaraefni

Kennurum Flensborgarskóla, þeim Jóni Þórarinssyni skólastjóra og Jóhannesi Sigfússyni, varð fljótlega ljóst að með námskeiðshaldi fyrir gagnfræðinga var engin viðhlítandi lausn fengin um menntun kennara. Sumarið 1895 skrifuðu þeir stiftsyfirvöldum langt og ýtarlegt erindi um kennaraskólamálið og tillögur sínar í þeim efnum. Eftir að hafa gert grein fyrir nauðsyn kennaraskóla, báru þeir fram þrjár tillögur. Aðaltillagan var sú, að stofnaður sé sérstakur þriggja ára kennaraskóli. Varatillöur voru: 1) Að kennaraskólinn sé sameinaður gagnfræðiskóla. 2) Að stonaður sé tveggja ára sérstæður kennaraskóli.

Árangur þessa erindis varð sá að árið eftir, 1896, tók til starfa kennaradeild í Flensborgarskóla sem starfaði síðan fram til 1908. Var það eins árs deild, eins konar 3. bekkur gagnfræðaskólans. Stóð kennsla í henni hálfum öðrum mánuði lengur en gagnfræðaskólinn eða frá 1. október til 14. maí. Kennaradeildin við Flensborg varð þó aldrei fastur skóli að lögum, heldur var henni haldið uppi af árlegum styrk úr landssjóði. Hélt sá þáttur uns Kennaraskóli Íslands tók til starfa (Freysteinn Gunnarsson. 1958:15).

Aðalkennarar við kennaradeildina voru þeir Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon fram til 1904. Enn þá tók við af honum séra Magnús Helgason. Auk þeirra kenndi Ögmundur Sigurðsson síðar, skólastjóri (Freysteinn Gunnarsson. 1958:15).

Árlegur skólatími var frá 1. október til 14. maí. Skólinn starfaði sem þriðji bekkur við Flensborgarskóla. Styrkurinn sem veitur var úr landssjóði var hækkaður árið 1896 í 2200 kr. (Lýður Björnsson. 1981:34-35).

Kennslugreinar voru hinar sömu og stundafjöldi á viku hélt lítt breyttur allt tímabilið. Kristinfræði var kennd 3 stundir á viku öll árin 1896 – 1907, uppeldisfræði 4 stundir, íslenska 4 stundir, danska 3 stundir, landafræði 2 stundir, náttúrufræði 4-5 stundir (nema skólaárið 1898 – 1899 þá voru þær tvær), tölvísi 4 stundir, teikning 2 stundir og kennsluæfingar 4 stundir. Enska var kennd tvær stundir á viku á árunum 1896 – 1900, söngur var kenndur af og til og þá 1-2 stundir á viku og leikfimi 1 stund á viku skólaárið 1901 – 1902 og 1907 – 1908. Einnig var fjallað um Íslandssögu í kennslustudum í náttúrufræði. Námsefni í greinunum miðaði að því að auka þekkingu

nemenda eða leikni í viðkomandi grein. Próf miðuðust aðeins við kennslu þeirra. (Lýður Björnsson. 1981:35).

Á kennarafræðslunámskeiðum 1892 – 1895 og einnig í kennaradeild frá 1896 – 1908 var stuðst við við *Pædagogikens historie* eftir M. Skard en einkum var stuðst við hana í kennarafræðslunni. Sama kennsluefni var notað í kennaradeildinni ásamt *Grundtræk af pædagogiken* eftir Cl. Wilkensen og *Menneskelegemets byging og livsvirksomhed* eftir P. la Cour (kafla um líkamsuppeldi). Fyrir aldamót skilaði hver nemendi um 20 ritgerðum um uppeldisfræðileg efni árlega, en árið 1905 voru ritgerðir vikulega. Kennaraefni hlýddu á kennslu í barnaskólanum í Flensborg fyrri hluta vetrar, en á tímabilinu frá áramótum til 1. apríl kenndu þau sjálf 4–5 tíma í viku. Einnig fengu þau úthlutað því viðfangsefni sem fjallað skyldi um, með þriggja daga fyrirvara. Kennaranemar þurftu oft að annast sýnikennslu. Reynt var að skipta börnum í æfingabekkjum í hópa til að gefa sem flestum kennaranemum tækifæri til að spreyta sig og sem oftast. Eftir hverja kennsluæfingu ræddu æfingakennarar og kennaraefni um kennsluna. Æfingakennarar voru þeir Ögmundur Sigurðsson, sem hafði stundaði kennaranám í Chicago og Kaupmannahöfn, og Páll Hjaltalín cand. theol. Nokkur breyting varð á fyrirkomulagi æfingakennslunnar á tímabilinu 1. apríl til 14. maí. Eftir að kennaradeild var stofnuð 1896 kenndu kennaraefni 3 stundir á viku þennan tíma, en árið 1902 kenndu þau í æfingabekk 4 stundir á dag fimm daga vikunnar það tímabil. Laugardögum var þá varið til bóklegrar kennslu. Fyrirlestrar virðast hafa verið algengasta kennsluformið. Auk þess skrifuðu nemendur margar ritgerðir yfir skólaárið 1898-1899, t.d. um 30 ritgerðir í íslensku. Ritgerðir tíðkuðust í fleiri greinum, a.m.k. í dönsku og uppeldisfræði (Lýður Björnsson. 1981:36).

4.0. Stofnun Kennaraskóla Íslands

4.1. Ástand fræslumála um aldamótin

Á síðari hluta 19. aldar voru stofnaðir barnaskólar allvíða í þéttbýli en þar voru aðstandendur barna taldir hafa versta aðstöðu til að sinna uppfræðslu þeirra.

Þörfin fyrir kennara jókst í réttu hlutfalli við aukið skólalald. Ýmsir höfundar bentu á þessa þörf í blaðagreinum og á Alþingi voru flutt frumvörp til laga um kennaramenntun.

Þörf á úrbótum í menntun kennara var almennt viðurkennd en samstaða hafði ekki náðst um frumvörp þau er fram höfðu komið. Til þess að stuðla að henni veitti Alþingi Guðmundi Finnbogasyni styrk til rannsókna á uppeldis- og menntamálum í grannlöndunum og á Íslandi. Árið 1905 kom út Skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-1904 sem Guðmundur Finnbogason hafði samið. Í skýrslunni er ástandi kennslumála lýst þannig í meginráttum að í kaupstöðum og sjávarplássum hafi heimamenn að eigin frumkvæði stofnað skóla sem njóti flestir styrks úr landssjóði. Í sveitunum er farkennsla aftur á móti hið ríkjandi form við hliðina á heimafræðslu; kennarinn ferðist milli bæja og börnum er safnað saman eftir því sem aðstæður leyfa. Á þessum tíma eru kennslustaðir taldir 829 en sérstakar kennslustofur 218. Annars staðar fer kennslan fram í baðstofu eða öðrum vistaverum heimilanna. Barnakennarar voru 415 talsins, 321 karlar og 94 konur. Aðeins 24 kennarar hafa gengið á kennaraskóla, en rúmur þriðjungur allra kennara voru taldir sjálfmenntaðir en næst stærstir í röðinni voru þeir sem höfðu gengið í gagnfræðiskóla en þeir voru 88. Af kennurum og kennslukonum hafa 62% verið ógift fólk. Af 394 kennurum og kennslukonum hafa 46 verið 20 ára og yngri, 164 á milli 21–30 ára, eða 54% yngri en 31 árs. Léleg laun útskýra það hvers vegna svo ungir starfa sem kennarar enda höfðu þeir hana sem aukavinnu. Þeir sem höfðu fengið sérstakan undirbúning undir kennslustarfið fóru flestir til annara starfa. Guðmundur Finnbogason lagði áherslu á að „gerum kennarastöðum svo lífvænlega, að efnilegir menn vilji helga henni líf sitt.” (Guðmundur Finnbogason. 1905:6).

Með *Lýðmenntun og Skýrslu um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-1904*, útbjó Guðmundur Finnbogason að beiðni stjórnvalda frumvarp til laga um fræðslu barna, með ástæðum og athugasendum. Þetta frumvarp var meginuppistaðan í fræðslulögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 1907. Með lögnum voru

fræðslumálin leyst úr þeirri sjálfheldu sem þau höfðu lent í (Guðmundur Finnbogason. 1994:14-16).

Eftir því sem barnaskólum fjölgaði og farkennsla var einnig víða tekin upp í sveitum, óx þörf þess, að mönnum gæfist kostur á að afla sér sérstakrar menntunar til þess að inna kennarastörf af hendi. Hér bættu gagnfræðaskólar mikið úr og frá þeim komu flestir fyrstu kennararnir, sem ekki voru sjálfmenntaðir. Í hópi barnakennara bættust einnig nemendur úr búnaðarskóla og kvennaskólum. Nokkrir stúdentar og allmargir guðfræðingar stunduðu barnakennslu um stundarsakir, en felstir voru þó sjálfmenntaðir kennarar og hélst svo fram yfir aldamót (Freysteinn Gunnarsson. 1958:11-12).

4.2. Frumvarpið 1903

Árið 1903 bar menntamálanefnd neðri deildar fram frumvarp um kennaraskóla í Reykjavík. Var þar að mestu farið eftir tillögum Guðmundar Finnbogasonar, sem hann birti í bók sinni *Lýðmenntun*, sem kom út 1903. Flutningsmaður var Þórhallur Bjarnason, síðar biskup. Samkvæmt frumvarpinu skyldi setja á stofn kennaraskóla í Reykjavík og má verja til byggingar húss og muna allt að 55.000 kr. úr landssjóði (Sjá fylgiskjal).

Einnig er getið í lögnum að skólaárið sé frá 1. okt. - 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum og við skólann skipar ráðherra þrjár fasta kennara: Forstöðumann er hefur í árslaun 2600 kr. auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annan kennara er hefur í árslaun 2000 kr. og þriðja kennara með 1600 kr. í árslaun.

Um frumvarpið urðu miklar umræður, og var nú komin í algleyming togsteita um það, hvort skólinn skyldi vera í Hafnarfirði eða Reykjavík. Frumvarpið fór í gegnum þrjár umræður í báðum deildum og eina umræðu í neðri deild, sem endursendí það efri deild. Þar dagaði frumvarpið uppi og varð því ekki útrætt (Freysteinn Gunnarsson. 1958:16).

4.3. Lög um kennaraskóla samþykkt

Frumvarp um kennaraskóla endurflutt á Alþingi 1905 af Jóni Jakobssyni, frumvarpið fór í gegnum allar umræður í báðum deildum og var tekið til einnar umræðu í báðum deildum. Efri deild vildi hafa skólann í Hafnarfirði en neðri deild í Reykjavík. Frumvarpið var fellt, því að í sameinuðu þingi þurfti 2/3 atkvæða til þess að mál sé samþykkt. Flestir þingmenn töldu þó stofnun kennaraskóla vera nauðsynlega á þinginu 1905. Stefán Stefánsson mælti fyrir lagafrumvarpinu frá 1905 á Alþingi 1907 en að þessu sinni var það keyrt fram í neðri deild í nafni stjórnarinnar, þ.e. Hannesar Hafstein, ráðherra Íslands. Framsögumaður gat þess að þingnefnd 1905 hefði komið sér saman um að skólinn skyldi vera í Reykjavík og hefðu þó talsmenn beggja staðanna, Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, átt þar sæti. Stefán kvaðst því álíta að mesta deilumálið væri úr sögunni.

Í efri deild kom enn upp ágreiningur um staðsetningu Kennaraskólans. Lyktir urðu þó þær að frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi hinn 14. september 1907 (Lög um kennaraskóla í Reykjavík nr. 63/1907; Guðmundur Finnbogason. 1947:38-39; Lýður Björnsson. 1981:31-33).

Lögin frá 1907 grundvöllur að stofnun og starfi kennaraskólans, eru svohljóðandi:

1. grein.

Kennaraskóli skal stofna í Reykjavík, og má verja til skólahúss, áhalda og innanstokksmuna allt að 30.000 kr. úr landssjóði.

2. grein.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

3. grein.

Þrjár ársdeildir eru í skólanum. Skólaárið er frá 1. október til 31. mars. Utanskólanemendum má yfirstjórn fræðslumála leyfa að ganga undir árspróf skólans, og þeim, sem fengist hafa við barnakennslu um tveggja ára bil að minnsta kosti, má leyfa að ganga undir burtfararpróf skólans.

4. grein

Kennslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og

náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snerti, reikningur, rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar. Auk þess má taka upp kennslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. grein.

Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara. Einn þeirra er skólastjóri og hefur að launum 2400 kr. auk ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, hita og ljóss. Annar kennari hefur 2200 kr. árslaun og hinn þriðji 2000 kr.

Skólastjórinn hefur alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.

6. grein.

Kennarar skólans eru skyldir til að hafa á hendi ókeypis, um tveggja mánaða tíma á ári, kennslu og æfingar við framhaldskennslunámskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn fræðlumála setur.

7. grein.

Sjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur regurgjörð fyrir hann.

8. grein

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Samkvæmt lögnum var skólahúsið reist sumarið eftir, og skólinn settur í fyrsta sinn 1. október 1908. Fyrsti skólastjórinn var séra Magnús Helgason, en hann var skólastjóri frá til 1929.

Árið 1907 var sannarlega mikið merkisár í sögu alþýðufræðslunnar á Íslandi. En það ár voru fræðslulögin sett og þar með komið á almennri skólaskyldu barna frá 10-14 ára. Svo vildi til að lög hvor tveggja fræslulögin og Kennaraskóli Íslands voru staðfest sama dag, 22. nóvember 1907. Þar með var þessum málum komið í það horf sem haldast skyldi fyrst um sinn. Kennaraskólinn var þriggja ára skóli. Með lögum frá 9. júlí 1909 var sú breyting gerð að námstíminn í skólanum byrjaði fyrsta vetrardag og endaði síðast vetrardag (Freysteinn Gunnarsson. 1958:11;18-19).

Hlutverk kennaraskólans var að mennta kennara til kennslu á barna- og gagnfræðistigi. Hann var þó ekki sérskóli fyrir kennara líkt og Prestaskóli fyrir presta, nema að ákveðnu leyti vegna þess að nemendum var ekki aðeins kennt að kenna,

heldur einnig það námsefni sem þeir áttu að kenna. Eðlilega urðu miklar breytingar á starfsháttum skólans í gegnum árin. Kröfur um menntun barna og unglunga jukust og urðu breytingar á menntun kennara í samræmi við þá þróun (Freysteinn Gunnarsson, 1958).

4.4. Inntökuskilyrði og námsskipan

Inntökuskilyrði er eitthvað sem telja má grundvallaratriði í starfsemi hvers skóla. Eins og flestir skólar hafa þeir sín ákveðnu inntökuskilyrði sem umsækendur þurfa að fullnæja. Kennaraskóli Íslands setti strax í upphafi ákveðin inntökuskilyrði. Lengst af hafði skólinn sjálfur eftirlit með inntökuprófum og að skilyrðum væri fullnægt. Ýmsar breytingar hafa orðið frá upphafi á inntökuskilyrðum.

Inntökuskilyrðin eru prentuð í bráðabirgðareglugerðinni 1908 og voru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í neðsta bekk, sé eigi yngri en 18 ára, í miðbekk eigi yngri en 19 ára, og í efsta bekk eigi yngri en 20 ára.
2. Að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn, eða geri hann sjálfan óhæfan til að gegna kennarastarfi. Umsækendur skulu leggja fram vottorð hér að lútandi eins og krafðist verður .
3. Að siðferði hans sé óspillt.

Til þess að komast inn í neðsta bekk skólans verður ennfremur að ganga undir próf, er sýni, að hlutaðeigandi hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

1. Hann verður að hafa þekkingu í kristnum fræðum að minnsta kosti eins og nú er heimtað undir fermingu.
2. Hann verður að geta lesið íslensku skýrt og áheyrilega, auðvelt, óbundið mál, og geta sýnt að hann skilji efni þess, sem hann les. Hann á að þekkja hinar helstu málfræðilegu hugmyndir og kunna helstu atriði í íslenskri beygingarfræði. Ennfremur á hann að geta skrifað ritvillulítið, og svo að lesmerki séu nokkurn veginn rétt sett, stutta ritgerð um kunnugt efni.
3. Nemandi verður að kunna fjórar aðalgreinar reikningsins með heilum tölum og brotum og hafa leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi.

4. Hann verður að geta lesið dönsku með nokkurn veginn framburði, og farið yfir 100 orð í 8 bláða broti, þekkja hin allra helstu atriði danskrar beygingarfræði og geta snúið á rétta dönsku auðveldum setningum daglegs máls
5. Nemandinn á að hafa numið ágríp af Íslandssögu.
6. Hann verður að hafa nokkra þekkingu í almennri landafræði og hafa numið nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands.
7. Hann verður að þekkja allra helstu dýr og jurtir, einkum húsdýrin og gagnjurtuir.

Það má segja að þessi fyrstu inntökuskilyrði eru greinilega við það miðuð, að hver greindur unglingur geti fullnægt þeim skilyrðum án sérstakrar skólagöngu að loknum fermingarundirbúningi. Með nokkru heimanámi og tilsögn í erfiðustu atriðum var góðum námsmanni auðvelt að standast inntökupróf í kennaraskólanum. Þessi inntökuskilyrði héldust óbreytt fram til 1924 (Freysteinn Gunnarsson. 1958:40-42).

Námsgreinar og námsefni: Það er ekki um að villast, hverjar námsgreinar eru og hve margar þær skulu vera. Hinsvegar er þar ekki getið, hve langt skuli komast eða hvaða markmiðum skuli náð í hverri grein, enda er það erfiðara viðfangsefni og naumast gerlegt að óreyndu, fyrr en um það hafði skapast hefð og reynsla. Í prófreglugerð skólans frá 1910 er nokkuð ákveðið um þetta, en frekar lauslega þó.

Námsgreinar sem voru lögboðnar í upphafi voru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði, náttúrufræði, reikningi, rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar.

Þessi námsgreina skipun hélst óbreytt fram til 1924, þegar ensku var bætt við sem námsgrein (Freysteinn Gunnarsson. 1958:43-44).

Námstími: Kennaraskólinn var strax í upphafi þriggja vetra skóli með sex mánaða kennslu á ári, þar á meðal voru talin leyfi og próftími, svo að kennsla fór raunverulega ekki fram lengur en fimm mánuði eða þar um bil. Þetta fyrirkomulag helst óbreytt í 16 ár (1908-1923) að öðru leyti en því, að fyrsta árið var skólatími frá 1. október til marsloka, en síðan frá fyrsta vetrardegi til fyrsta sumardags. Árið 1924 var tíminn lengdur um mánuð og starfaði skólinn frá 1. október til aprílloka (Freysteinn Gunnarsson. 1958:46).

Próf og einkunnir:

Sami einkunnastiginn var notaður óbreyttur fram til 1935, sem kenndur er við Örsted. Eftir honum var gefið hæst 6 og lægst 1 og brotin $1/3$ og $2/3$ milli heilu talnanna. Þessar einkunnir voru síðan reiknaðar út í stig þannig að $6 = 8$, $5 = 7$, $4 = 5$, $3 = 1$, $2 = \div$ 7 og $1 = \div$ 23 stig. Til að standast próf þurfti að fá að meðaltali einkunnina 4 í öllum greinum samanlagt, í engri grein lægra en 3 og lágmarkseinkunn í kennslu var 4 (Freysteinn Gunnarsson. 1958:47).

Æfingakennsla:

Strax í upphafi kennaraskólans var ákveðið að kennaranemar færu í æfingakennslu, jafnvel þó að engin æfingaskóli væri til staðar. Í byrjun var svo til ætlast, að kennaraæfingar kennaraskólans færu fram í barnaskóla bæjarins (Miðbæjarskólanum). En þegar svo réðst, að kennaraskólinn var reistur svo fjarri honum, þótti það óraunhæft. Var þá ákveðið að taka 20 börn á skólaaldri til kennslu í kennaraskólanum og annaðst Halldóra Matthíasdóttir kennsluna. Í þessum bekk fóru fram kennsluæfingar um veturinn, 5 stundir á viku, sín í hverri af þessum námsgreinum: kristum fræðum, íslensku, reikningi, náttúrufræði og landafræði

Næsta vetur var æfingakennari ráðinn, Jónas Jónsson frá Hriflu, og hafði hann æfingakennsluna á hendi upp frá því fram til 1918, í öllum greinum nema reikningi og kristinfræði. Þá tók Ásgeir Ásgeirsson við allri æfingakennslunni næstu tvö árin. Árið 1920 var æfingabekknun skipt í tvær deildir og tók Steingrímur Arason við annarri (Freysteinn Gunnarsson. 1958:53-54).

5.0. Kynjahlutfall meðal útskrifaðra kennaranema

Hér verður athugað hvernig kynjahlutfalli var háttað meðal útskrifaðra kennaranema og að hvaða marki þeir skiluðu sér í kennslu frá í Flensborgarskóla frá 1896 til 1908 og Kennaraskóla Íslands frá 1909-1920. Það var sérstaklega áhugavert að kanna hlutfall meðal karla og kvenna bæði í kennaraskólum og hvaða marki þeir skiluðu sér í kennslu þar sem sú skoðun virðist útbreidd að karlar hafi verið í miklum meirihluti á báðum sviðum í upphafi.

5.1. Hlutfall karla og kvenna útskrifaðra frá kennaradeild Flensborgar og í Kennaraskóla Íslands

Hlutfall karla og kvenna útskrifaðra frá kennaradeild Flensborgarskóla 1897-1908. Við Flensborg var kynjahlutfall meðal útskrifaðra kennaranema háttað eins og sýnt er í töflu 1. Tafla 1.

Ár	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Fjöldi
1897	3	50%	3	50%	6
1898	4	100%			4
1899	1	33,3%	2	66,7%	3
1900	1	33,3%	2	66,7%	3
1901	5	71,4%	2	28,6%	7
1902	4	100%			4
1903	1	50%	1	50%	2
1904	9	75%	3	25%	12
1905	11	78,6%	3	21,4%	14
1906	10	58,8%	7	41,2%	17
1907	7	58,3%	5	41,7%	12
1908	9	45%	11	55%	20
Alls	65	62,5%	39	37,5%	104

(Guðni Jónsson. 1932).

Eftir að kennaradeild var stofnuð við Flensborgarskóla 1896 og til 1908 voru 104 útskrifaðir með kennarapróf. Fyrsta árið útskrifuðust 6 nemendur með kennarapróf en fjöldi útskrifaðra nemenda var næstu árin frá 2 (1903) til 7 og var ekki fyrr en 1904 að útskrifuðum nemendum fór að fjölga þegar 12 nemendur útskrifuðust. Lokaár kennaradeildarinnar 1908 útskrifuðust flestir nemendur með kennarapróf eða 20. Af þeim 104 nemendum sem útskrifuðust frá kennaradeildinni voru karlar 65 eða 62,5%, en konur voru 39 eða 37,5%.

Hlutfall karla og kvenna útskrifaðra með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1909-1920. Við Kennaraskóla Íslands var kynjahlutfall meðal útskrifaðra kennaranema háttáð eins og sýnt er í töflu 2. Tafla 2.

Ár	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Fjöldi
1909	17	58,6%	12	41,4%	29
1910	16	72,7%	6	27,3%	22
1911	10	55,6%	8	44,4%	18
1912	11	57,9%	8	42,1%	19
1913	17	81%	4	19%	21
1914	9	45%	11	55%	20
1915	11	57,9%	8	42,1%	19
1916	5	50%	5	50%	10
1917	6	46,2%	7	53,8%	13
1918	Ekkert kennarapróf				
1919	12	63,2%	7	36,8%	19
1920	5	83,3%	1	16,7%	6
Alls	119	60,7%	77	39,3%	196

(Ólafur Þ. Kristjánsson. 1958; 1965).

Frá stofnun Kennaraskóla Íslands 1908 til 1920 útskrifuðust 196 með kennarapróf. Fyrsta árið útskrifuðust 29 nemendur með kennarapróf og var það stærsti útskriftarárangurinn. en árið 1920 útskrifuðust fæstir eða 6 nemendur. Af þeim 196 nemendum sem útskrifuðst frá Kennaraskólanum voru karlar 119 eða 60,7%, en konur 77 eða 39,3%.

5.2. Kennaraefni gerast kennarar

Hér verður athugað meðal útskrifaðra kennaranema að hvaða marki þeir skiluðu sér í kennslu, frá Flensborgarskóla frá 1896 til 1908 og Kennaraskóla Íslands frá 1909-1920. Það er athyglisvert hve lítill hluti kennara sem fengust við barnakennslu samkvæmt skýrslu Guðmundi Finnbogasonar 1903-1904 hafði kennarapróf eða 24 af 415, það er einnig sérstaklega athyglisvert að þeir sem höfðu fengið sérstakan undirbúning undir kennslustarfið hurfu margir til annara starfa.

Hlutfall þeirra karla og kvenna, útskrifaðra frá kennaradeild Flensborgarskóla, sem gerast kennarar eins og sýnt er í töflu 3. Tafla 3.

Ár	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Fjöldi
1897	2	66,7%	2	66,7	4
1898	3	75%			3
1899			2	100	2
1900	1	100%	2	100	3
1901	4	80%	1	50	5
1902	2	50%			2
1903	1	100%	1	100	2
1904	4	44,4%	1	33,3	5
1905	4	36,4%			4
1906	7	70%	4	57,1	11
1907	3	42,9%	1	20	4
1908	6	66,7%	1	9,1	7
Alls	37 (af 65)	56,9%	15 (af 39)	38,5%	52 (af 104)

(Guðni Jónsson. 1932).

Ef við athugum hve margir þeirra sem útskrifuðust með kennarapróf 1897-1908 gerast kennarar við barnaskóla landsins sést að af þeim 65 körlum sem útskrifuðust unnu alls 37 eða 56,9% við barnaskólana en af þeim 39 konum sem útskrifuðust unnu alls 15 eða 38,5% við barnaskólana. Þetta merkir að útskrifaðar konur skiluðu sér mun síður í kennslu en karlar.

Hlutfall þeirra karla og kvenna, útskrifaðra frá Kennaraskóla Íslands, sem gerast kennarar eins og sýnt er í töflu 4. Tafla 4.

Ár	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Fjöldi
1909	14	82,4%	5	41,7	19
1910	12	75%	3	50	15
1911	9	90%	5	62,5	14
1912	7	63,60%	6	75	13
1913	9	52,90%	4	100	13
1914	6	66,70%	8	72,7	14
1915	9	81,80%	4	5	13
1916	4	80%	3	60	7
1917	5	83,30%	3	42,9	8
1918	Ekkert kennarapróf				
1919	6	50%	1	14,3	7
1920	4	80%	1	100	5
Alls	85 (af 119)	71,4%	43 (af 77)	55,8%	128 (af 196)

(Ólafur Þ. Kristjánsson. 1958; 1965).

Ef við athugum hve margir þeirra sem útskrifuðust með kennarapróf 1908-1920 gerast kennarar við barnaskóla landsins sést að af þeim 119 körlum sem útskrifuðust unnu alls 85 eða 71,4% við barnaskólana en af þeim 77 konum sem útskrifuðust unnu alls 43 eða 55,8% við barnaskólana.

Kynjamunurinn var þannig minni meðal þeirra sem fóru að starfa í barnaskólum landsins en kynjamunurinn meðal nemenda í kennaradeildinni í Kennaraskóla Íslands (Kynjamunur í kennaradeild, 21,4% fleiri karlar í kennaradeild, en 18,4% fleiri karlar unnu í grunnskólum en konur).

Þessar upplýsingar eru sóttar í Kennaratalið. Ekki er öruggt að allir sem stunduðu kennslu á fyrri helmingi 20. aldar hafi komist á blað í Kennaratalinu því er hugsanlegt að einhver af hinum útskrifuðu, sem finnast ekki í Kennaratalinu hafi í raun starfað í kennslu um lengri eða skemmri tíma, þetta ætti þó ekki að skekkja niðurstöður af ráði.

6.0. Niðurstöður

Samanburðu á kennaramenntun í Flensborgarskóla og Kennaraskóla Íslands sýnir að mun ítarlegra nám hefur átt sér stað í Kennaraskóla Íslands. Árið 1896 tók til starfa kennaradeild í Flensborg sem starfaði síðan fram til 1908. Var það eins árs deild, eins konar 3. bekkur gagnfræðaskólans. Námsgreinar voru þessar: Kristinfræði, uppeldisfræði, íslenska, danska, landafræði, náttúrufræði og kennsluæfingar.

En Kennaraskóli Íslands, sem hóf starfsemi 1908, var frá upphafi þriggja vetra skóli. Námsgreinar sem voru lögboðnar í upphafi voru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði, náttúrufræði, reikningi, rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar.

En samkvæmt þessu má fullyrða að kennaramenntun í Kennaraskóla Íslands hafi verið heildstæðara og haldbetri fyrir verðandi kennara en það nám sem kennaradeildinni í Flensborg hafði veitt. Segja má að kennaramenntun á Íslandi hafi fyrst komist í viðunandi horf árið 1908 er Kennaraskóli Íslands tók til starfa. En það starf sem var unnið var við Flensborgarskóla var mikilvægt brautryðjendastarrf fyrir kennaramenntun á Íslandi. Það sem tafði einkum fyrir stofnun sjálfstæði kennaraskóla voru deilur um staðsetningu slíks skóla. Kennaraskólamálið þvældist fyrir Alþingi í 20 ár frá árinu 1887 til 1907 þegar þingmenn samþykktu loksins frumvarp um Kennaraskóla í Reykjavík. Á sama tíma voru sett lög um fræslu barna. Breyttir tímar og aukin þekking kalla á betur menntaða kennara sem þurfa að vera færir um að búa æsku landsins undir þær skyldur sem hennar bíða í nútímaþjóðfélagi.

Frá árinu 1897 til 1920 þá útskrifuðust 300 nemendur með kennarapróf, þar af voru karlar í nokkrum meirihluta eða 61,3% en konur 38,7%. Frá Flensborg útskrifuðust 1897-1908 104 með kennarapróf, þar af voru karlar 65 eða 62,5% og konur voru 39 eða 37,5%. Frá Kennaraskóla Íslands 1909-1920 útskrifuðust 196 með kennarapróf, þar af voru karlar 60,7% og konur 39,3%. Konum hafði því fjölgað um 1,8% frá 1897-1908 í Flensborg til 1909-1920 í Kennaraskóla Íslands.

Af þeim 300 nemendum sem útskrifuðust frá 1897-1920 þá gerast 180 eða 60% kennarar við barnaskóla landsins, þar af voru karlar í nokkrum meirihluta eða 67,8% en konur 32,2%. Af Flensborgarnemendum störfuðu 37 karlar eða 56,9% við barnaskóla landsins og 15 konur eða 38,5%. Af útskrifuðum frá Kennaraskóla Íslands störfuðu 85 karlar eða 71,4% við barnaskóla landsins og 43 konur eða 55,8%. Þannig

nýttu sér með tímanum mun fleiri af útskrifuðum kennaranemum þá starfsmenntun sem þeir höfðu aflað sér. Enda höfðu kjör kennara lagast til muna.

Í Kennaraskólanum, eins og í kennarastéttinni sjálfri, voru karlar lengi vel í meirihluti, en hlutur kvenna óx þó smám saman. Eftir að barnakennarar urðu ríkisstarfsmenn 1919 voru kennslukonur fjölmennasta kvennastéttin sem gegndi opinberu embætti við hlið karla og með sömu kjörum og þeir.

7.0. Heimildaskrá

Freysteinn Gunnarsson. 1958. *Kennaraskóli Íslands 1908-1958*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Guðmundur Finnbogason. 1905. *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903-1904*. Reykjavík

Guðmundur Finnbogason. 1947. *Alþingi og menntamál*. Saga Alþingis 5, Reykjavík.

Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. 2. útg. *Heimildarit í Íslenskri uppeldis- og skólasögu*. 1. bindi. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1932. *Minningarrit Flensborgarskólans 1882-1932*. Nemendasamband Flensborgarskólans, Reykjavík.

Lýður Björnsson. 1981. *Úr sögu kennaramenntunar á Íslandi*. Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 8, Reykjavík.

Ólafur Þ. Kristjánsson. 1958. *Kennaratal á Íslandi*. 1. bindi. Prentsmiðjan Oddi H.F., Reykjavík.

Ólafur Þ. Kristjánsson. 1965. *Kennaratal á Íslandi*. 2. bindi. Prentsmiðjan Oddi H.F., Reykjavík.

8.0. Fylgiskjal

Frumvarp 1903:

1. grein

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna allt að 55.000 kr. úr landssjóði.

2. grein

Skólinn sé jafnframt fyrir konur og karla; kennslan veitist ókeypis og 20-30 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. grein

Skólaárið sé frá 1. okt – 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kennslunni svo hagað, að farkennarar geti lokið sér af á einum vetri.

4. grein

Kennslugreinar skólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði og þó allra helst að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handmennt, leikfimi, söngur, kristindómsfræðsla. Auk þess má taka upp kennslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. grein

Við skólann skipar ráðherra þrjá fasta kennara: Forstöðumann, er hefur í árslaun 2600 kr. auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annan kennara er hefur í árslaun 2000 kr. og þriðja kennara með 1600 kr. í árslaun.

6. grein

Ráðherra hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugerð hans.

7. grein

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.